

Reykjavík 6. maí 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um útlendinga.

145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 1180 — 728. mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir ánægju sinni með þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í frumvarp til útlendingalaga og telja það gera hagsmunum barna hátt undir höfði. Mæla samtökin því með samþykkt þess að teknu tilliti til eftirfarandi athugasemda.

Barnaheill hafa áður fengið tækifæri til að senda umsagnir um málefni útlendinga og útlendingalaga og augljóst er að komið hefur verið til móts við margt sem áður hafa verið gerðar athugasemdir við.

Rétt er þó að áréttu ákveðna þætti:

- Barnaheill leggja til að hugtakið *barn*, sé skilgreint í orðskýringum, samkvæmt skilgreiningu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en það er ekki gert í orðskýringum frumvarpsins.
- Mikilvægt er að í kærunefnd útlendingamála sitji sérfræðingur í málefnum barna þegar hún fjallar um barn sem sækir um alþjóðlega vernd eða aðstandendur þess.
- Barnaheill benda á mikilvægi þess að börn sem fá alþjóðlega vernd á Íslandi, njóti þeirrar verndar áfram þrátt fyrir að ná 18 ára aldri meðan verið er að leiða mál þeirra til lykta. Börn skulu ekki eiga á hættu að vera send úr landi fyrir það eitt að verða fullorðin.
- Barnaheill vilja áréttu að þær reglur sem hafa verið settar inn í frumvarpið og varða rétt barna til að segja álit sitt við málsmeðferð, eiga að eiga við um öll börn á flóttu og sem sækja um alþjóðlega vernd, óháð því hvort þau eru fylgdarlaus eður ei.
- Börn skulu ávallt fá þjónustu við hæfi, leiðsögn á tungumáli sem þau skilja og geta tjáð sig á, húsnæði við hæfi í öruggu og barnvænu umhverfi, aðgang að helbrigðisþjónustu, menntun og annarri grunnþjónustu án tafar.

Mikilvægt er að vanda málsmeðferð útlendingamála, sérstaklega í málum sem varða börn og flýta meðferð mála eins og mögulegt er. Afar slæmt er þegar börn hafa búið hér á landi

og notið þjónustu og myndað tengsl hér á landi er gert að yfirgefa landið fyrirvaralítið og slíta þar með tengsl við það umhverfi sem þau hafa dvalist í.

Barnaheill fagna því að sjá mikilvægum réttindum barna gerð ágæt skil í frumvarpinu og að börn sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi fái sérstaka umfjöllun í greinargerð. Ágætt er að sjá gert ráð fyrir að börnum sé skipaður talsmaður og/eða hagsmunagæslumaður til að gæta réttinda sinna og til verndar og umönnunar. Ljóst er að samráð og aðkoma margra ólíkra aðila að samningu frumvarpsins hefur skilað sér.

Barnaheill hvetja stjórnvöld til að stytta verulega málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd svo eyða megi óvissu barna fljótt og vel og svo þau fái að hefja líf á Íslandi og finna til öryggis sem allra fyrst eftir komu til landsins.

Börn eiga rétt á að lifa og þroskast við öruggar og friðsælar aðstæður og ber okkur að tryggja að svo megi verða fyrir öll börn sem hingað koma og leita verndar, óháð uppruna eða stöðu að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri